

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulag- og byggingarfulltrúi Árneshrepps
Miðbraut 11
370 Búðardalur

17. október 2017
2017-09-4/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um auglýsta breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025

Árneshreppur hefur auglýst breytingu á gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins, Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025. Landsneti barst beiðni frá skipulags- og byggingarfulltrúa Árneshrepps dags.1.september 2017, þar sem óskað var eftir umsögn Landsnets um auglýsta skipulagsbreytingu.

Í auglýstri skipulagsbreytingu kemur fram að markmið hennar sé að skapa svigrúm til frekari rannsókna innan virkjanasvæðis Hvalárvirkjunar og leggja þannig grunn að ákvarðanatöku um framhald verkefnisins. Í framhaldinu verði gerð aðalskipulagsbreyting með það að markmiði að skapa svigrúm fyrir virkjun Hvalár í samræmi við stofnmarkmið gildandi aðalskipulags.

Í tillögu að skipulagsbreytingu kemur fram að í skipulagsferlinu hafi verið ákveðið að fresta ýmsum þáttum sem ráðgert hafði verið skipulagsbreytingin tæki til, sbr. skipulags- og matslýsingu. Einn þeirra þátta er „Breytt lega Hvalárlínu“.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003, falið að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Athugasemdir og ábendingar Landsnets vegna skipulagsáætlana sveitarfélaga tengjast því fyrst og fremst þeim þáttum skipulagsins sem snúa að framangreindu hlutverki fyrirtækisins. Í ljósi þess að fyrirhugaðar skipulagsáætlanir snúa að svo stöddu ekki um flutningskerfi raforku, gerir Landsnet ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt



Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri stjórnunarviðs